



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Postbúlastræti 2a
101-03 Reykjavík, Iceland

Phone (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2011

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2007
Tilvísun: UST20070400059/bs

Tengibrautin Skarhólabraut, Vesturlandsvegur-Hafravatnsvegur í Mosfellsbæ. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhuguð tengibraut mun liggja frá Vesturlandsvegi við Flugumýri að Hafravatnsvegi sunnan Reykjalundarvegar. Veglínan mun liggja samhliða vegslóða sem lagður var vegna framkvæmda við hitaveitulögn. Tengibrautin mun liggja í og við skógræktarsvæði og framræstar mýrar.


Framkvæmdaraðili hefur metið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands áhrif á gróðurfar og fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Talið er að áhrif á gróðurfar og fuglalíf muni ekki hafa veruleg áhrif umfram það sem nú er.

Hávaði frá áætlaðri umferð er undir viðmiðunarmörkum reglugerðar nr. 933/1999. Efni til vegagerðar verður sótt í námur í rekstri með gildandi starfsleyfi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að lagning Skarhólabrautar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður